

Ávinningur af óhindruðum beygjustraumum. Anna Guðrún Stefánsdóttir og Helga Magnadóttir, Verkís - mars 2019.

Í apríl 2010 kom úr skýrsla með heitið „Slysagreining - Miklabraut Kringlumýrarbraut, ávinningur af óhindruðum beygjustraumum“. Niðurstöður þess verkefnis voru að breytingar sem gerðar voru á ljósastýrðum gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar (KriMi) árið 2005, þannig að beygjuljós fyrir umferð til vinstri voru sett bæði af Miklubraut og Kringlumýrarbraut, hefðu haft ávinning í för með sér. Í þessu verkefni er slysatíðni og alvarleiki umferðarslysa skoðaður fyrir og eftir sambærilega breytingu umferðarljósa á tveimur gatnamótum til viðbótar, þ.e. Laugavegar og Kringlumýrarbrautar (LauKri) og Miklubrautar og Grensásvegar (GreMi).

Skoðuð voru slysaögn 5 ár fyrir og eftir breytingar. Helstu niðurstöður eru að mikill ávinningur er af því að setja sérvarða vinstribeygjustrauma á öllum gatnamótunum. Vinstribeygjuslysum fækkaði mikið, um 93% á KriMi, 77% á LauKri og 100% á GreMi. Sérstaklega fækkaði vinstribeygjuslysum með meiðslum. Slysatíðni almennt lækkaði einnig á öllum gatnamótunum, þó mis mikið minnst á GreMi um 15% en 45% á KriMi og 47% á LauKri.

Sýnt þykir, með tilvísun í alvarleikastuðul sem reiknaður var út, slysatíðni og vinstribeygjuslys og kostnað við þau, að ávinningur af breytingunum sé talsverður. Niðurstaða verkefnisins er að fjárhagslegur ávinningur af uppsetningu vinstribeygjuljósa á allar stefnur (þar sem því er við komið) er mikill og skilar sér til baka til samfélagsins á fáum árum.